

AUGLÝSING

um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu á forsetaúrskurði um skiptingu starfa ráðherra, sbr. auglýsingu nr. 58 10. maí 2009.

Forseti Íslands hefur, samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, og reglugerðar samkvæmt þeim nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands, í dag gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu á forsetaúrskurði um skiptingu starfa ráðherra, sbr. auglýsingu nr. 58 frá 10. maí 2009:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra eru hér með gerðar svofelldar breytingar á forsetaúrskurði frá 10. maí 2009, um skiptingu starfa ráðherra:

Kristján L. Möller sem farið hefur með ráðherrastörf í samgönguráðuneyti, fer nú með ráðherrastörf í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Katrín Jakobsdóttir sem farið hefur með ráðherrastörf í menntamálaráðuneyti, fer nú með ráðherrastörf í mennta- og menningarmálaráðuneyti. Gylfi Magnússon sem farið hefur með ráðherrastörf í viðskiptaráðuneyti, fer nú með ráðherrastörf í efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Ragna Árnadóttir sem farið hefur með ráðherrastörf í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, fer nú með ráðherrastörf í dómsmála- og mannréttindaráðuneyti. Álfheiður Ingadóttir fer með ráðherrastörf þau sem Ögmundi Jónassyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer með heilbrigðisráðuneytið.

Forsætisráðuneytinu, 1. október 2009.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.